

**Nr. 18-142 S 092 Sóla GK 36*****Eldur og sekkur***

*Skipaskr.nr.* 6807  
*Útgerð:* Álmani ehf.  
*Smíðaður:* Vogar, trefjaplast, 1978  
*Stærð:* 2,84 bt. 2,67 brl.  
*Mesta lengd:* 7,09 m *Skráð lengd:* 6,57 m  
*Breidd:* 2,12 m *Dýpt:* 1,01 m  
*Vél:* Volvo Penta, 119 kw, 1996  
*Fjöldi skipverja:* 1



Sóla©Vigfús Markússon

**Gögn:**  
*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfredsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. júlí 2018 var Sóla GK 36 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ASA 2-4 m/sek. (*Hornbjargsviti*)

Um kl. 09:40 hafði skipstjórinn samband við Vaktstöð siglinga og tilkynnti að eldur væri laus í bátnum og óskaði eftir aðstoð. Nærstaddir bátar fóru á staðinn auk þess sem björgunaraðilar voru ræstir út.



Báturinn varð alelda á stuttum tíma

Skipstjóranum tókst að komast í gúmmíbjörgunarbát og var bjargað skömmu síðar um borð í Smára ÍS 144 sem var fyrstur á staðinn. Björgunarskip reyndu að slökkva eldinn en það tókst ekki. Sóla sökk um kl. 12:30 á stað u.þ.b. 66°36'N og 023°07'V.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn sagði að eldurinn hefði komið upp í stýrishúsinu og það fyllst strax af reyk;
- að skipverjinn var staðsettur aftast á bátnum að sinna veiðarfæri og hurðin á stýrishúsinu var krækt upp opin þegar eldurinn braust út;
- að skipverjinn hafði átt í erfiðleikum með olíumiðstöðina sem var alltaf að drepa á sér og hafði nýlega endurræst hana;
- að olíumiðstöðin var að *Webasto* gerð og var staðsett á gólfinu út í stjórnborðssíðu við hliðina á skipstjórastólnum. Fram kom að hún hefði síðast verið yfirfarin u.þ.b. ári áður;
- að stýrishúsið var klætt að innan með niðurlímdu gólfteppi;
- að venjulega geymdi skipverjinn farsímann á borði í stýrishúsinu en í þetta skipti var hann með hann í brjóstvasanum og gat hringt eftir aðstoð;
- að þegar skipverjinn keypti bátinn árið 2014 var gúmmíbjörgunarbáturinn upp á stýrishúsinu og aðgengi að honum ekki gott. Færði hann því gúmmíbjörgunarbátinn á utanverðan skut bátsins. Taldi skipverjinn að ef gúmmíbjörgunarbáturinn hefði verið staðsettur á stýrishúsinu hefði hann aldrei geta náð honum sökum reyks og hita;
- að skipverjinn hafði útbúið kassa fyrir björgunarbúninginn sem hann hafði í aftasta hólfinu í lestinni sem aldrei var notað þar sem var auðvelt aðgengi að honum;
- að skipverjinn fór í að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn ásamt því að hringja í Vaktstöð siglinga en hann gleymdi að henda björgunarbúningnum yfir í hann. Hann uppgötvaði það ekki fyrr en hann var kominn í bátinn.

***Nefndarálit:***

Orsök eldsins eru ókunn en margt bendir til að olíumiðstöðin hafi orsakað hann.